



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 3. febrúar 2022

Efni: Tillaga til þingsályktunar um tímasetta aðgerðaráætlun um einföldun regluverks, 143. mál.

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um tímasetta aðgerðaráætlun um einföldun regluverks, 143. mál. Þar er forsætisráðherra falið að hafa forgöngu um að gera tímasetta aðgerðaráætlun um einföldun regluverks. SI fagna þeirri áherslu og benda á að ein af grunnforsendum aukinnar samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja er að starfsumhverfi þeirra sé stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt. Slíkt starfsumhverfi felur það m.a. í sér að regluverk sé einfalt en ekki síður að eftirlit sé skilvirkt. Skipta gæði lagasetningar, umfram magn, þar miklu máli svo komið sé í veg fyrir sóun og óþarfa kostnað innan kerfisins, bæði hjá stjórnvöldum og hjá fyrirtækjum.

Mikil tækifæri eru fólgin í bættum verkferlum við bæði setningu nýrra reglna, ekki síst innleiðingu EES-reglna, og endurskoðun á gildandi regluverki, þá sér í lagi markviss endurskoðun íþyngjandi ákvæða og eftirlitsreglna.

Samtökin fagna því öllum tillögum um að hrinda í framkvæmd markvissum aðgerðum stjórnvalda til að draga úr óhóflegri og íþyngjandi reglubyrði. Setning tímasettrar aðgerðaráætlunar um einföldun regluverks væri jákvætt skref í þá átt. Slíkar aðgerðir eru til þess fallnar að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og draga úr sóun og kostnaði innan íslenskrar stjórnsýslu og hjá fyrirtækjum.

Samtökin benda þó á að íslensk stjórnvöld hafa nú þegar ýmis úrræði í núgildandi regluverki, t.d. í lögum nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur, sem hægt væri að virkja og nýta betur til að bæta og einfalda regluverk með markvissum hætti.

Virðingarfyllt,

Björg Ásta Þórðardóttir,
yfirlögfræðingur SI